



Fréttatilkynning

23 May 2022 09:08:00 GMT

Arion banki: Mikilvægum áfanga náð í að uppfylla fyrirvara í samningum um kaup Rapyd á Valitor – endurkaupaáætlun bíður samþykkis eftirlitsaðila

Með samþykki Samkeppniseftirlitsins sem nú liggur fyrir hefur mikilvægum áfanga verið náð í að uppfylla fyrirvara í samkomulagi Arion banka og Rapyd um kaup Rapyd á Valitor sem tilkynnt var um 1. júlí sl. Fyrirvarar samkomulagsins teljast þó enn sem komið er ekki að fullu uppfylltir þar sem formlegt samþykki Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands á kaupunum liggur ekki fyrir. Stefnt er að því að lúkning viðskiptanna verði á næstunni.

Væntur hagnaður Arion banka vegna sölunnar, að frádregnum sölukostnaði, er áætlaður um 5 milljarðar króna, miðað við gengi dagsins.

Arion banki hefur óskað eftir heimild frá Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands til að hrinda í framkvæmd 10 milljarða króna endurkaupaáætlun í kjölfar lúkningar viðskiptanna.

Vinsamlegast beinið fyrirspurnum til:

Theodórs Friðbertssonar, forstöðumanns fjárfestatengsla Arion banka, ir@arionbanki.is, s. 856 6760 eða Haraldar Guðna Eiðssonar, forstöðumanns samskiptasviðs, haraldur.eidsson@arionbanki.is, s. 856 7108.

Þessar upplýsingar eru birtar í samræmi við upplýsingaskyldu Arion banka hf. skv. reglugerð Evrópusambandsins um markaðssvik (MAR), þann 2022-05-23 09:08 GMT.

Viðhengi

[Arion banki: Mikilvægum áfanga náð í að uppfylla fyrirvara í samningum um kaup Rapyd á Valitor – endurkaupaáætlun bíður samþykkis eftirlitsaðila](#)